



## **Haustþing Bandalags íslenskra græðara**

Haldið í Baðstofunni, Prestastíg 7, Reykjavík, 11. nóvember 2004

### **1. Þingsetning**

Formaður bandalagsins, Sigrún Sól Sólmundsdóttir, setti þingið kl. 19:50 og lýsti því yfir að efni þess væri lagabreytingar. Haraldur Flosi Tryggvason, lögfræðingur, hafði aðstoðað við undirbúning tillagna, og sat hann þingið.

### **2. Kosning þingforseta og þingritara**

Þingforseti var kjörin Ragnheiður Guðnadóttir og þingritari Birna Imsland.

### **3. Kjörbréf**

Þingmenn kynntu sig og að því loknu staðfesti þingforseti að löglega hefði verið til þingsins boðað. Hanna Sigríður Jósafatsdóttir kannaði kjörbréf f.h. kjörbréfanefndar og voru þingmenn allir löglegir, en tvo vantaði frá Nálastungufélagi Íslands.

### **4. Reikningar**

Á ársþingi í maí 2004 voru reikningar ársins 2003 samþykktir án áritunar með þeim fyrirvara að kjörnir skoðunarmenn samþykktu þá að þingi loknu. Gjaldkeri BÍG, J. Eygló Benediktsdóttir lýsti því yfir að skoðunarmennirnir hefðu samþykkt reikningana eins og þeir voru. Óskað var eftir nýjum skoðunarmönnum fyrir bandalagið og voru Hallfríður Pálsdóttir og Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir kjörnar einróma.

### **5. Lagabreytingar**

Samþykkt var að Hallfríður María Pálsdóttir læsi fyrst hverja lagagrein eins og hún var fyrir í lögum og fyrirfram tilbúna tillögu að endurbættri grein áður en greinin yrði tekin til umræðu (sjá þingskjöl). Samþykkt var að Birna tæki að sér lagfæringar á prentvillum og stafsetningu án sérstakrar umræðu.

#### **1. gr. Nafn og varnarþing**

Mestar umræður urðu um skilgreiningu á orðinu “græðari” og “hefðbundnum heilbrigðisstéttum”. Haraldur Flosi Tryggvason, lögfræðingur BÍG, benti á að til að hindra ágreining þyrftu bandalagið og væntanleg lög um græðara að skilgreina orðið “græðari” á sama hátt. Niðurstaðan varð sú að “hefðbundnum heilbrigðisstéttum” var fellt niður en “heilsutengda þjónustu” látið standa.

Nokkrar umræður urðu um heiti bandalagsins á ensku. Ríkharður Jósafatsson lagði til “Alternative Medicine Association of Iceland” og Dagný Elsa Einaradóttir “Association of Alternative Medicine in Iceland”. Í undirbúningstillögum var heitið “The Association of Complimentary and Alternative Medicine in Iceland” og fékk það flest atkvæði í atkvæðagreiðslu.

#### **2. gr. Markmið bandalagsins, liður b**

Hér gerði Birna athugasemd við orðalag og niðurstaðan varð: “Að auka skilning og viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstétta og almennings á starfsemi græðara.”

## **2. gr. Markmið bandalagsins, liður i**

Ríkharður lagði til að bætt yrði við ákvæði um að bandalagið taki til meðhöndlunar ef lögð er fram kæra á hendur félagsmanni eða félagi. Haraldur svaraði að bandalagið hefði ekki lögbundið agavald yfir félagsmönnum, þar sem félög en ekki einstaklingar eru aðilar að því. Birna lagði til að ósáttur félagsmaður gæti áfrýjað úrskurði síðanefndar fagfélags til BÍG og að BÍG gæti verið bakhjarl fagfélags og staks félagsmanns, sé um ómaklega kæru að ræða. Haraldur tók fram að varðandi væntanlegt skráningarkerfi muni kæruférlið verða þannig að bandalagið úrskurði en úrskurðinum verði hægt að vísa til Heilbrigðisráðuneytisins.

Inn í umræðuna blönduðust atvinnuleyfi til útlendinga og Dagný sagði að samið hefði verið við Vinnumálastofnun um að umsóknir fari beint til fagfélags eða þangað í gegn um BÍG.

## **3. gr. Aðildarreglur**

Haraldur lagði til að felld yrði niður setning um alla fullgilda félaga. Bandalagið er enda samtök félaga, ekki einstaklinga. Hann tók þó fram að ráð sé fyrir því gert að einstaklingar geti skráð sig í væntanlegt skráningarkerfi þó þeir standi utan félags.

Varðandi ákvæði um inngöngu nýrra félaga í aðildarfélag benti Birna á að fyrr eða síðar þurfi að skilgreina og samræma lengd kennslustunda í mínútum, meta vægi verklegra æfinga o.fl. Haraldur benti á að kennslustundafjöldinn væri ekki tiltekinn í lagafrumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi en Dagný svaraði því til að 90% líkur væru á að ráðherra myndi nota þessi stunda- og einingafjöldaviðmið frá NSK þegar kæmi að því að viðurkenna félög. Ragnheiður lagði til að við skilgreindum þetta ekki of nákvæmlega til að byrja með, heldur létum reynsluna leiða í ljós hvað betur mætti fara.

## **4. gr. Skipun og hlutverk stjórnar, starfsreglur o.fl.**

Töluverðar umræður spunnust um formanskjör, hverjir væru í framboði, atkvæðavægi innan stjórnar o.fl. en niðurstaðan varð sú, að greinin var samþykkt óbreytt frá tillögum, nema ákvæði um kjörtíma og framboð formanns var felld niður.

## **5. gr. Reikningar**

Greinin var samþykkt óbreytt og án umræðu.

## **6. gr. Árgjald**

Þar sem fagfélögin eru aðilar að bandalaginu fyrir hönd sinna félagsmanna var orðalagið breytt í : “...árgjaldi samkvæmt fjölda fullgildra félagsmanna.”

Gert var stundarfjórðungslangt kaffihlé kl. 22:10.

## **7. gr. Bandalagsþing**

Orðalagsbreytingar: “bandalagsþing” var breytt í “ársþing”.

Guðbrandur Einarsson lýsti því yfir að mikil óánægja með atkvæðavægi hafi ríkt í stærsta félaginu, Félagi íslenskra heilsunuddara. Guðný Halla Gunnlaugsdóttir bar fram þau mótrök að þá hafi litlu félögin lítið um ákvarðanir að segja. Birna benti á að að eins og ástandið er í dag hafi þau hlutfallslega meira atkvæðavægi pr. félagsmann og að auðvelt sé að endurskoða þetta verði stórvægileg breyting á fjölda félagsmanna í einstökum félögum. Því var samþykkt að fækka fjölda félagsmanna á bak við hvern þingmann umfram fyrstu 50 félagsmenn 100 í 50.

Birna benti á að stjórnarmönnum BÍG væru ekki tryggð sæti á bandalagsþingum en afráðið var að halda því þannig sem öryggisventli.

### **8. gr. Breytingar á lögum**

Birna benti á að frestur til að skila tillögum til lagabreytinga og fundarboð til bandalagsþings er sá sami, 3 vikur, sem gerir þingmönnum erfitt um vik, hafi þeir athugasemdir við lög.

Ólafur Þór Jónsson benti á að óljóst væri hvernig þingmenn væru boðaðir á þing. Hallfríður svaraði að í dag boði stjórnarmenn bandalagsins þingmenn, hver frá sínu félagi.

Greinin var samþykkt óbreytt.

### **9. gr. Aðrir bandalagsfundir og aukaping**

Samþykkt var tillaga frá Birnu um að breyta “bandalagsþing” í “aukaping”.

### **10. gr. Formannafundir**

Greinin var samþykkt óbreytt og án umræðu.

### **11. gr. Slit bandalagsins**

Samþykkt var tillaga frá Birnu um að breyta “bandalagsaðilum” í “aðildarfélögum”

### **12. gr. Breytingar á lögbundnu hlutverki**

Greinin var samþykkt óbreytt og án umræðu.

## **6. Önnur mál**

Sigrún Sól færði Dagnýju blómvönd sem þakklætisvott fyrir störf í Nefnd um stöðu óhefðbundinna lækninga. Hún sagði Ástríði Svövu Magnúsdóttur hafa einnig verið sendur vöndur á sama tíma og þingið hófst.

Einnig færði Dagmar Sigrúnu Sól blómvönd í þakklætisskyni fyrir hennar störf.

## **7. Þingslit**

Þingforseti þakkaði þingmönnum þolinmæði við langa setu. Þingi var slitið kl. 23:10.

Birna Imsland  
þingritari

Staðfest: Sigrún Sól Sólmundsdóttir  
formaður

**Þingið sátu:**

Frá Cranio, félagi höfuðbeina- og spjaldhryggjafnara:

- Hanna Sigurðardóttir
- Ragnheiður Guðnadóttir
- Sæunn Óladóttir

Frá Craniosacralfélagi Íslands, CSFÍ:

- Erla Ólafsdóttir
- Hallfríður María Pálsdóttir
- Hanna Sigríður Jósafatsdóttir
- Ólafur Þór Jónsson

Frá Félagi íslenskra heilsunuddara, FÍHN:

- Guðbrandur Einarsson
- Guðlaug Margrét Steinsdóttir
- G. Gyða Halldórsdóttir
- Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir (til 21:20)

Frá Félagi lithimnufræðinga, FL:

- Guðný Halla Gunnlaugsdóttir (til 21:20)
- Lilja Oddsdóttir

Frá Nálastungufélagi Íslands, NÍ:

- Dagmar J. Eiríksdóttir
- Ríkharður Jósafatsson (fyrir hlé)
- Þórunn Birna Guðmundsdóttir

Frá Organon, fagfélagi hómópata:

- Birna Imsland
- Bylgja Matthíasdóttir
- Dagný Elsa Einarisdóttir

Frá Sambandi svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi, SSOVÍ:

- Arnhildur Sesselja Magnúsdóttir
- Emelía Hildur Einarisdóttir
- J. Eygló Benediktsdóttir

Frá Svæðameðferðarfélagi Íslands, SMFÍ:

- Katrín Ingibergsdóttir
- Linda Björk Birgisdóttir (fyrir hlé)
- Sigrún Sól Sólmundsdóttir

Auk þess lögfræðingur BÍG:

- Haraldur Flosi Tryggvason (fyrir hlé)

## Lög Bandalags íslenskra græðara

### 1. gr. Nafn og varnarþing

Heiti bandalagsins er **Bandalag íslenskra græðara (BÍG)**. Með orðinu græðari í lögum þessum, er átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu. Bandalagið er samband fagfélaga græðara. Enskt heiti þess er The Association of Complimentary and Alternative Medicine in Iceland (ACAMI). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Bandalagið tekur ekki afstöðu til trúarskoðana og stjórn mála með neinum hætti.

### 2. gr. Markmið bandalagsins

Bandalagið hefur að leiðarljósi að vera hvetjandi og ráðgefandi fagbandalag fyrir íslenska græðara.

Markmið og tilgangur bandalagsins er:

- a. Að starfa eftir eigin lögum sem hafa það að markmiði að afla störfum græðara verndar og viðurkenningar, ásamt því að varðveita sérstöðu þeirra sem faghóps.
- b. Að auka skilning og viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstétta og almennings á starfsemi græðara.
- c. Að efla samvinnu meðal græðara og styrkja faglegan og siðferðilegan staðal meðal þeirra.
- d. Að taka til umræðu og athugunar ný meðferðarform.
- e. Að koma á samvinnu við bandalög erlendis sem hafa samskonar markmið og Bandalag íslenskra græðara.
- f. Að vinna að úrbótum á starfsumhverfi græðara, m.a. með því að fá virðisaukaskatt felldan niður af starfsemi þeirra.
- g. Að vinna að bættri heilsu landsmanna.
- h. Að styðja við hagsmunamál sérhvers félags í Bandalagi íslenskra græðara eftir því sem við getur átt.
- i. Að aðstoða við lausn ágreiningsefna sem upp kunna að koma innan aðildarfélaga, sé þess óskað.

### 3. gr. Aðildarreglur

Umsókn félags um aðild að bandalaginu skal vera skrifleg og send stjórn BÍG til samþykktar. Hvert aðildarfélag starfar sjálfstætt innan vébanda bandalagsins. Hjá bandalaginu skulu liggja fyrir lög og siðareglur hvers aðildarfélags, ásamt menntunarkröfum þess, sem skulu að lágmarki vera 660 kennslustundir, þar af 6 einingar í líffæra- og lífeðlisfræði og 5 einingar í sjúkdómafræði á framhaldsskólastigi.

Heimilt er að veita undanþágu frá ofangreindum skilyrðum um menntun ef öll nýliðun í viðkomandi félagi lýtur þessum kröfum. Að jafnaði skal stefnt að því að aðeins eitt félag í hverju fagi eigi aðild að bandalaginu.

Aðildarfélög skulu opin öllum sem tilheyra viðkomandi fagi.

Úrsögn úr bandalaginu skal vera skrifleg og send stjórn, enda hafi aðalfundur aðildarfélagsins tekið þá ákvörðun. Gegni aðildarfélag BÍG ekki þeim skyldum er því ber samkvæmt lögum og samþykktum eða vinni gegn hagsmunum bandalagsins getur bandalagsþing vikið viðkomandi aðildarfélagi skriflega úr bandalaginu hafi skriflegri áminningu ekki verið sinnt. Tillaga að brottvikningu getur verið lögð fram af einstöku aðildarfélagi og/eða stjórn bandalagsins, slík tillaga skal lögð fyrir árlegt bandalagsþing, sbr. 7. gr. og þarf samþykki 2/3 hluta þingmanna til að öðlast gildi.

#### **4. gr. Skipun og hlutverk stjórnar, starfsreglur o.fl.**

##### **Skipun og hlutverk**

Stjórn bandalagsins skal skipuð einum fulltrúa, og einum varafulltrúa frá hverju aðildarfélagi. Hvert aðildarfélag skipar sinn fulltrúa í stjórn, til tveggja ára í senn. Skipun fulltrúa í stjórnina skal hagað þannig að aldrei fleiri en 2/3 stjórnarmeðlima ganga úr stjórninni samtímis.

Ef vantrauststillaga hefur verið borin upp fyrir bandalagsþing og hlotið þar samþykki 2/3 hluta þingmanna, er stjórn skylt að segja af sér. Skal þá skipa nýja stjórn innan mánaðar, en fráfarandi stjórn er skylt að rækja störf sín þar til sú skipan hefur átt sér stað.

Formaður stjórnarinnar, sem jafnframt er formaður bandalagsins, skal kjörinn af bandalagsþingi, sbr. 7. gr., úr hópi skipaðra stjórnarmanna. Formaður skal kjörinn til tveggja ára í senn og má lengst sitja þrjú kjörtímabil samfellt.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Utan sérkjörins formanns skal valinn einn varaformaður, einn gjaldkeri og einn ritari. Varaformaður stjórnar skal vera staðgengill formanns í forföllum hans. Stjórnin ræður málefnum bandalagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir bandalagsþingi. Formaður BÍG er talsmaður stjórnar og annast daglegan rekstur bandalagsins, auk þess sem hann stýrir stjórnarfundum og sinnir öðrum þeim verkefnum sem stjórn kann að fela honum og lög heimila. Stjórnin skipar í nefndir sem starfa á vegum bandalagsins og tilnefnir fulltrúa aðildarfélaganna til starfa í þær nefndir og ráð sem það á aðild að.

Bandalagsþing skal kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga bandalagsins og einn til vara, til tveggja ára í senn.

Prókúruhafar eru gjaldkeri bandalagsins og formaður. Meirihluti stjórnarmanna ritar firma bandalagsins.

##### **Ákvarðanataka á stjórnarfundum**

Stjórnin skal koma saman til fundar þegar þörf krefur, en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skal formaður stjórnar annast boðun á stjórnarfundum. Boða skal stjórnarfundum með minnst viku fyrirvara. Einstakir stjórnarmenn annast boðun varamanna sinna ef forföll verða.

Meirihluti atkvæða ræður í málum sem upp eru borin á stjórnarfundum. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur telst lögmætur þegar 2/3 stjórnarmanna eru viðstaddir. Ef niðurstaða kosningar er jöfn skal atkvæði formanns ráða.

### **Fundargerðir**

Stjórnin lætur halda fundargerðir um alla fundi stjórnar og þar eiga að koma fram nöfn allra fundarmanna og skrá um allar ályktanir og framvindu mála á hverjum fundi. Eitt afrit skal varðveita á skrifstofu bandalagsins og annað hjá ritara þess. Aðildarfélag skulu fá sent afrit af samþykktum fundargerðum stjórnar. Aðildarfélag skulu einnig senda BÍG ársskýrslu sína (skýrslu formanns).

### **Reglur og samþykktir**

Stjórnarmenn skulu kynna í aðildarfélagum sínum lög þessi og ákvarðanir stjórnar sem teknar eru á grundvelli þeirra sem og starfsemi bandalagsins almennt. Stjórnin skal vinna innan þess ramma sem lög þessi setja. Ákvarðanir sem falla utan valdsviðs hennar samkvæmt þessu eru ógildar.

## **5. gr. Reikningar**

Reikningsár bandalagsins er almanaksárið. Stjórnin skal leggja fram árlegt reikningsuppgjör. Skoðunarmenn bandalagsins fara yfir reikninga og staðfesta þá. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á bandalagsþingi ár hvert.

## **6. gr. Árgjald**

Árgjald bandalagsins skal ákveðið af bandalagsþinginu til eins árs í senn. Árgjald til bandalagsins skal greitt fyrir 1. nóvember ár hvert. Hvert aðildarfélag skal standa skil á árgjaldi samkvæmt fjölda fullgildra félagsmanna.

## **7. gr. Bandalagsþing**

### **Bandalagsþing og ályktanir**

Bandalagsþing fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Á bandalagsþingi hafa einungis þingmenn aðildarfélaganna kjörgengi og atkvæðisrétt: þingmenn skulu kosnir á aðalfundi hvers aðildarfélags og fer fjöldi þeirra eftir fjölda félagsmanna. 3 þingmenn og 3 varaþingmenn skulu kosnir hjá hverju aðildarfélagi með 3-50 félagsmenn, og fyrir hverja 50 þar yfir, bætist við 1 þingmaður og 1 til vara. Þingmaður skal vera fullgildur félagi og æskilegt er að formaður aðildarfélags sé einn af þingmönnum ásamt fulltrúa félagsins í BÍG. Áður en bandalagsþing hefst skulu þingmenn leggja fram kjörbréf frá félagi sínu til staðfestingar. Hver þingmaður hefur eitt atkvæði.

Stjórn bandalagsins ber ábyrgð á störfum, hagsmunum og eigum þess gagnvart aðildar- félögunum og bandalagsþingi. Bandalagsþing skal haldið eigi síðar en í lok maí ár hvert og skal til þess boðað skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Fundartíma skal tilgreina í fundarboði svo og fundarefni. Í fundarboði skal einnig getið þeirra sem eru í framboði til formanns bandalagsins. Bandalagsþing telst löglegt hafi löglega verið til þess boðað.

Stjórnin boðar til bandalagsþings og undirbýr það, sendir þingskjöl til aðildarfélaganna minnst 14 dögum fyrir þingið, leggur fyrir endurskoðaða reikninga síðasta árs, hefur umsjón með eigum bandalagsins og gætir hagsmuna þess í hvívetna.

Stjórn BÍG skipar kjörnefnd eigi síðar en viku fyrir bandalagsþing og skal nefndin hefja störf þá þegar. Kjörnefnd þessi skal hafa það hlutverk að stjórna kosningu í embætti á bandalagsþingi.

Í upphafi bandalagsþings skal kjósa sérstakan þingforseta og 2 þingritara eftir tilnefningu. Forseti og þingritarar skulu gera fundargerð bandalagsþings.

Dagskrá bandalagsþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta og þingritara.
3. Fundargerð síðasta bandalagsþings borin upp til samþykktar.
4. Skýrsla formanns.
5. Reikningar bandalagsins lagðir fram til samþykktar.
6. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
7. Atkvæðagreiðsla um árgjald.
8. Kosning formanns.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
10. Önnur mál.
11. Þingslit.

## **8. gr. Breytingar á lögum**

Lögum bandalagsins verður aðeins breytt á bandalagsþingi og skal tillögum til lagabreytinga eða um breytingar á starfstilhögun skilað til stjórnar eigi síðar en þremur vikum fyrir bandalagsþing. Skal stjórnin senda aðildarfélögum tillögurnar minnst 14 dögum fyrir bandalagsþing til kynningar. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða tekur hún gildi.

## **9. gr. Aðrir bandalagsfundir og aukaping**

Stjórnin getur boðað til bandalagsfundar og aukapings telji hún þörf á því. Þeir skulu boðaðir með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórninni er skylt að halda aukaping ef minnst þrjú aðildarfélaganna (af 8) óska þess skriflega, enda varði fyrirhugað fundarefni málefni er varðar starfssvið og hagsmuni bandalagsins. Slíkt þing skal halda innan þriggja vikna frá því að hin skriflega ósk barst stjórninni.

Aukáþing skal boða með skriflegri tilkynningu þar sem fram kemur fundarefni. Tilkynninguna skal senda til aðildarfélga með pósti eða öðrum sambærilegum hætti.

### **10. gr. Formannafundir**

Formenn aðildarfélaga skulu funda með stjórn bandalagsins að lágmarki einu sinni á ári.

### **11. gr. Slit bandalagsins**

Komi fram tillaga frá minnst þremur félögum, sem standa að Bandalagi íslenskra græðara, um að bandalaginu skuli slitið, skal hún tekin fyrir á lögmætu bandalagsþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum aðildarfélögum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta þings. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun að leggja bandalagið niður. Verði Bandalag íslenskra græðara lagt niður renna eignir bandalagsins til aðildarfélaganna í hlutfalli við fjárhagslegt framlag þeirra.

Einstök aðildarfélög geta einhliða sagt sig úr bandalaginu en við þær aðstæður fer ekki fram uppgjör á eignum félagsins. Fulltrúar og félagsmenn aðildarfélags sem hefur sagt sig úr bandalaginu með þessum hætti missa umsvifalaust öll réttindi sem bundin eru við bandalagsaðild. Enda hefur slík úrsögn verið tilkynnt með formlegum hætti til stjórnar bandalagsins.

### **12. gr. Breytingar á lögbundnu hlutverki**

Lög þessi skal endurskoða til samræmis við lögbundið hlutverk bandalagsins á hverjum tíma.

Samþykkt á aukáþingi 11. nóvember 2004.